

## **Starfsreglur fyrir framkvæmdanefnd búvörusamninga**

### **1. gr.**

#### **Almennt**

Framkvæmdanefnd búvörusamninga er skipuð skv. 31. gr. búvörulaga nr. 99/1993. Nefndin starfar í samræmi við ákvæði búvörulaga og er samráðsvettvangur samningsaðila um framkvæmd búvörusamninga skv. 30. gr. búvörulaga og búnaðarlagasamnings skv. 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998.

Þá gilda ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og ákvæði upplýsingalaga nr. 140/2012 um störf nefndarinnar.

### **2. gr.**

#### **Tilgangur**

Tilgangur starfsreglnanna er að útfæra nánar ákvæði um störf nefndarinnar til stuðnings við gildandi lög og reglugerðir sem nefndin starfar eftir.

### **3. gr.**

#### **Skipan nefndarinnar**

Nefndin er skipuð skv. 31. gr. búvörulaga nr. 99/1993. Nefndin skal skipuð sex aðalmönnum og jafnmörgum varamönnum. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tilnefnir tvo fulltrúa í nefndina og skal annar þeirra vera formaður hennar. Þá tilnefnir fjármála- og efnahagsráðherra einn fulltrúa og Bændasamtök Íslands tilnefna þrjá fulltrúa.

Fulltrúa Matvælastofnunar (Búnaðarstofu) og framkvæmdastjóra Bændasamtaka Íslands er heimilt að sitja fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúar.

### **4. gr.**

#### **Hlutverk nefndarinnar**

Nefndin annast framkvæmd búvörusamninga og búnaðarlagasamnings. Nefndin er ráðherra til ráðgjafar og tekur einnig ákvarðanir um tilfærslur framlaga milli einstakra samningsliða og greiðslutilhögun framlaga.

Nánar er kveðið á um hlutverk nefndarinnar og einstök verkefni hennar í ákvæðum búvörulaga nr. 99/1993 og búnaðarlaga nr. 70/1998 og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

### **5. gr.**

#### **Undirbúningur og meðferð mála**

Erindi nefndarinnar skulu berast formanni eða ritara nefndarinnar. Formaður ber ábyrgð á meðferð erindis þar til það er tekið fyrir á fundi nefndarinnar.

Formaður nefndarinnar skal boða til funda með hæfilegum fyrirvara og í fundarboði skal fylgja dagskrá fundarins, afrit af erindum til nefndarinnar og hver önnur þau gögn sem nefndin mun fjalla um á viðkomandi fundi.

Á fundum nefndarinnar er meðal annars farið yfir framkvæmd búvörusamninga og búnaðarlagasamnings, stefnumarkandi atriði vegna samninganna rædd og hugsanleg álitamál. Þá eru einnig haldnir fundir með ráðherra og embættismönnum þegar það á við.

Nefndin getur kallað til gesti á sinn fund til að kynna nánar ákveðin mál eða önnur atriði sem snerta framkvæmd búvörusamninga og búnaðarlagasamnings. Slíkir gestir geta verið fulltrúar m.a. bænda, afurðarstöðva og stjórnvalda. Einnig leitar nefndin eftir atvikum til sérfræðinga.

**6. gr.**

**Ákvarðanir nefndarinnar**

Ákvarðanir í nefndinni skulu teknar með einföldum meiri hluta atkvæða. Komi upp jöfn staða atkvæða sker atkvæði formanns úr um niðurstöðu. Ákvarðanir framkvæmdanefndar búvörusamninga eru endanlegar á stjórnslustigi. Hins vegar er unnt að bera ákvarðanir nefndarinnar undir m.a. umboðsmann Alþingis, úrskurðarnefnd um upplýsingamál eða vísa þeim til dómstóla.

**7. gr.**

**Fundargerðir**

Ritari nefndarinnar ritar fundargerðir.

Fundargerðir nefndarinnar og ákvarðanir skal birta opinberlega á heimasíðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

Samþykkt á fundi nefndarinnar þann 22. ágúst 2018.